

1865.

15. júlí.

	Transport 420 rd.	
Prestsekkju Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási	20 —	
— Guðnýju Jónsdóttur í Kálfholti	20 —	
— Margrētu Narfadóttur í Reykjavík	40 —	

alls 500 rd.

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Með því að stjórnarráðið hefir í hyggju að fara þess á leit við ríkisþingið, að framvegis verði veitt jafnmikið fê í þessu skyni, og veitt hefir verið þetta árið, þá skal skorað á yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um, að þetta verði heyrum kunnugt í tækan tíma á Íslandi, eins og sjá má að þér hafið annazt um árið sem leið, og hvetja hlutaðeigendur, er óska að haft verði tillit til þeirra, þá er úthlutað verður styrktarfê þessu, til að senda bænarskrár um það með nákvæmum skýrslum um tekjur þeirra og annan efnahag, og senda hingað síðan bænarskrárnar ásamt með uppástungum yðar um úthlutan styrktarfjár þessa næstkomanda fjárhagsár.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um jarðrækt á Vestmannaeyjum.

18. júlí.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafði farið þess á leit við dómsmálastjórnina, að sêr væri veittur myndugleiki til að leyfa ábúendunum á þjóðjörðunum þar á eyjunum að rækta og girða um skika af engjunum eða haglendinu, er lægi næst túnum þeirra, og sýslumaður mældi þeim út, ritaði dómsmálastjórnin stiptamtinu 20. júlímán. f. á. og skoraði á það að láta sýslumann þenna segja álit sitt um, hvort það mundi vera hagfelld, eptir því sem ástatt er þar á eyjunum, að hlutazt væri til um, að haglendi því, sem hér ræðir um, væri skipt, og ábúendunum gjört að skyldu hverjum um sig að

1865.
18. júlí.

girða um land sitt, og skýra frá, hvenær og með hvaða heimild það hafi verið bannað að rækta beitolandið, eins og hann hefir getið um.

Eptir að dómsmálastjórninni nú hafa borizt skýrslur þær, sem beðið var um, með bréfi stiptamtsins dagsettu 15. febrúarm. þ. á., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið samkvæmt skýrslum þeim, er það hefir fengið, fellst á uppástungu sýslumannsins, þá er að ofan er um getið, þannig, að þegar einhver af ábúendum tekur skika af haglendinu, til þess að rækta það, þá sè beit sú, sem hann má hafa í haglendinu, er þeir eiga fleiri saman, einskorðuð eptir tiltölu, ef að ástæða þykir vera til þess.

1. ágúst.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.

Um leið og vèr sendum yður, herra (tit.), eptirrit af 8. lið í athugagreinum rannsóknarmanna ríkisreikninganna við reikning konungsríkisins fjárhagsárið 1863—1864, eruð þér, í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar dagsett 5. júlímán. 1861 og 22. septembermán. f. á. smbr. bréf innanríkisstjórnarinnar 13. janúarmán. 1854, beðnir um, — af því að það enn þá ber þrafaldlega við, að sýslumennirnir gjöra ekki grein fyrir eins og vera ber, þegar þeir borga tekjurnar af sýslunum, fyrir hvaða tekjum þeir gjöri skil, — enn á ný að áminna alla sýslumenn í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, um að hegða sèr eptir því, sem fyrir er mælt í bréfum þessum, og bregða ekki útaf því. Dómsmálastjórnin skorar þaraðauki á yður, hvenær sem það ber við, að brotið er á móti reglum þessum, þá að setja þeim, sem blut á að máli, hæfilegan stuttan frest til þess að koma fram með skýrslur þær, sem vantar, og ef það er til einkis, þá viðstöðulaust að beita fjársekt við hann og skýra stjórnarráðinu síðan frá því.